



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. maí 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Mál nr. 704.**

Efnahags- og skattanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum um hæfi til setu í stjórnnum lífeyrissjóða og hæfi framkvæmdastjóra.

Skilyrði til stjórnarsetu eru þrengd og svonefnd krossstjórnarseta er takmörkuð til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og til að lágmarka orðsporsáhættu. Samtök atvinnulífsins hafa kynnt sér umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarpið og taka undir þau atriði sem þar koma fram. Til frekari áréttingar vilja samtökin vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi er lagt til að síðasti málslíður 1. mgr. 1. gr. falli niður þar sem eðlilegra er að fjármálaráðherra, sem fer með framkvæmd laganna, setji eftir atvikum nánari ákvæði um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í reglugerð, sbr. heimild í 56. gr. laganna.

Í annan stað telja samtökin að í 2. mgr. 1. gr. sé of langt gengið í að takmarka krossstjórnarsetu þegar að stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila. Nægjanlegt ætti að vera að takmörkunin nái einungis til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, sbr. orðskýringar í 6. og 8. tl. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 162/2002. Engin ástæða er til að útiloka hæfa einstaklinga frá stjórnarsetu í lífeyrissjóðum nema að rík ástæða sé til þess.

Loks vilja samtökin vekja athygli á tveimur breytingum sem gerðar eru á fjárfestingarheimildum. Sú fyrri varðar skilyrði fyrir fjárfestingum í óskráðum hlutabréfum og er gerð sú breyting að í stað ákvæðis gildandi laga um að ársreikningar hlutafélaganna séu öllum aðgengilegir er lagt til að ársreikningarnir séu hluthöfum, fjárfestum og



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

eftirlitsaðilum aðgengilegir. Tilgangur breytingarinnar er að gera ákvæðið skýrara þar sem reglur um birtingu ársreikninga eru mismunandi eftir löndum.

Síðari breytingin varðar fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (skv. UCITS tilskipunum ESB (Undertakings for Collective Investments in Transferable Securities)). Bætt er við ákvæði þess efnis að þessar fjárfestingar séu eingöngu heimilar ef engar hömlur séu á viðskiptum með eignarhlutina, nema þær hömlur hafi eðlilegan viðskiptalegan tilgang og séu til þess fallnar að gæta hagsmuna fjárfesta. Tekið er tillit til þess að í umræddum sjóðum er talið eðlilegt að aðilar njóti forkaupsréttar og að ábyrgðar- eða rekstraraðili sjóðs þurfi að samþykka nýjan kaupanda.

SA vilja vara við takmörkunum á fjárfestingum í þessum fjárfestingarflokkum umfram það sem almennt gildir í öðrum ríkjum á ESS.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Hannes G. Sigurðsson*

Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvstj.